



Samtökin '78
Félag hinsegin fólks á Íslandi

Áform um pingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2026 – 2029

Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi, fagna því stjórnvöld haldi áfram vinnu við málefni hinsegin fólks í þessari annarri aðgerðaáætlun um málefni hinsegin fólks fyrir árin 2026 - 2029. Samtökin '78 búa yfir sérfræðiþekkingu í málaflokknum og hafa nú þegar innt af hendi verkefni úr fyrri aðgerðaráætlun, en líkt og samtökin bentu á í umsögn við fyrstu aðgerðaráætlun er enn svigrúm til þess að gefa í varðandi ýmis málefni. Samtökin '78 telja mikilvægt og eðlilegt að taka þátt í verkefninu sem ráðgjafar og umsagnaraðilar sem leiðandi sérfræðingar í málefnum hinsegin fólks.

Bakslag síðustu ára, bæði hér á landi og erlendis, hefur orðið til þess að eftirspurn eftir ráðgjöf, stuðningi og annarri þjónustu samtakanna hefur aukist umtalsvert. Álag á skrifstofuna hefur aukist í samræmi við það og hefur stjórn og skrifstofa því ekki sama svigrúm til þess að taka að sér verkþætti og verkstjórn og í venjulegu árferði. Samtökin '78 vilja því hvetja dómsmálaráðuneytið til þess að tryggja að fjármagn geri ráð fyrir þeirri vinnu sem Samtökin '78 inna af hendi sérstaklega fyrir ráðuneytið í tengslum við aðgerðaráætlunina.

Samkvæmt ábendingum ILGA Europe, samtökum hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu, þarfnast löggjöf og framkvæmd á Íslandi varðandi málefni intersex fólks sem og málefni hinsegin flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd sérstakra umbóta. Rétt eins og í samráðsgátt fyrir aðgerðaráætlun árin 2022-2025 leggja Samtökin til að úrbætur í þeim málaflokkum verði sérstakt markmið. Þá gefa niðurstöður úr rannsókninni Heilsa og líðan, sem og niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar, þar sem breytur um kynhneigð og kynvitund voru í fyrsta sinn sett fram, einnig sterkar vísbendingar um að staða hinsegin ungmenna sé verri en staða þeirra ungmenna sem ekki eru hinsegin. Það er því nægt svigrúm til þess að bæta stöðu félagslega stöðu hinsegin fólks þó lagaleg staða sé góð. Samtökin '78 bjóða fram faglegu þekkingu og ráðgjöf við stefnumótun og aðra vinnu í aðgerðaráætluninni.

Undirritað f.h. Samtakanna '78

Kári Garðarsson, framkvæmdastjóri

Bergún Andradóttir, skrifstofustýra